

Golfklúbburinn Setberg

Setbergi

221 Hafnarfjörður

ÁRSSKÝRSLA 2025



Setbergi 9. desember 2025

Skýrsla formanns

Prítugasta og fyrsta starfsári Golfklúbbsins Setbergs er nú lokið og verður hér getið þess helsta sem gerðist á árinu 2025.

Veður og vallarmál

Síðasti vetur var mjög hagstæður fyrir völlinn sem kom vel undan vetri. Opnað var inn á sumarflatir þann 1. maí. Ástandið á flötunum við opnun var eins og best verður.

Áður en opnað var inn á sumarflatir var hefðbundinn hreinsunardagur á vellinum.

Völlurinn var í frábæru ástandi í sumar. Áfram var hátt hlutfall af ákjósanlegum grastegundum í flötunum. Varðandi grastegundir í flötunum og áherslur í þeim efnum vísast til fyrri skýrslna.

Talsvert var um mosa í flötunum í sumar og meira en áður hefur verið. Ráðist var í að sá í mosann og virtist það skila góðum árangri. Haldið verður áfram á þeirri vegferð á næsta ári.

Flatirnar voru í góðu ástandi þegar veturinn skall á og ættu að verða í góðu ástandi næsta sumar.

Klúbburinn sá um alla umhirðu á vellinum.

Áburðar- og lyfjagjöf á flatir á árinu

Endurnýjaður var ráðgjafarsamningur við Bjarna Hannesson sem stýrði áburðar- og lyfjagjöf.

Haldið var áfram að vinna með svokallaða MLSN kenningu í áburðarmálum og aðeins borin á þau efni sem nauðsynlega þarf.

Vélar, tæki og framkvæmdir

Eftirtalið var keypt á árinu:

- Vinnubíll.
- Teigavél - Toro.
- Sláttuvélmenni.
- Ýmis smátæki, svo sem holuskerar o.s.frv.
- Traktor sem var notaður í varahluti.
- Boltar fyrir æfingasvæðið ásamt mottum.



Tröppur, bekkir og borð

Nýjar tröppur voru smíðaðar upp að teigum 56 og 52 á sjöundu braut. Það voru nokkrir snillingar í klúbbnum sem smíðuðu tröppurnar í sjálfböðavinnu. Það er vonandi á engan hallað þegar Arnari Svanssoni eru færðar sérstakar þakkir fyrir hans framlag í þessu verkefni. Arnar smíðaði enn fremur nýja bekki og borð sem eru norðan megin við golfskálann.



Hér má sjá myndir af tröppunum.

Rekstur

950 félagar eru nú skráðir í klúbbinn. Hefðbundin dagleg sala á flatargjöldum var svipuð og árið áður. Líkt og sl. þrjú ár þá höfnuðum við öllum beiðnum um að taka frá rástíma fyrir hópa og fyrirtæki. Aðsókn í mót var svipuð og sl. ár.

Niðurstaða rekstrarins er virkilega góð. Hagnaður er af rekstri klúbbsins og hafa eignir hans aukist. Eins og áður er klúbburinn skuldlaus. Eignir nema um 110.000.000 kr. og þar af er um 81.000.000 kr. innstæða á bankabók. Hagnaður ársins nam um 32.000.000 kr. Klúbburinn greiddi sem fyrr leigu fyrir landið, að fjárhæð um 7.800.000 kr., sem er kostnaður sem aðrir golfklúbbar þurfa almennt ekki að bera.

Félagar léku um 23.000 hringi á árinu samkvæmt upplýsingum úr Golfbox.

Aðgengi að vellinum, reglur um rástímaskráningu og eftirfylgni

Þrátt fyrir að félögum hafi fjölgað frá síðasta ári reyndist enn auðvelt að fá rástíma á völinn í sumar. Félagar gátu sem fyrr skráð sig á rástíma með þriggja daga fyrirvara en gestir frá klukkan 22:00 daginn fyrir viðkomandi leikdag. Völlurinn virðist þola þann fjölda sem núna er í klúbbnum en við teljum að fjöldi félaga hafi náð því hámarki sem 9 holu völlur þolir. Við viljum halda áfram að tryggja félögum gott aðgengi að vellinum og leggjum til að halda því til streitu að hafna því að bóka fyrirfram rástíma fyrir fyrirtæki og hópa. Um 300 manns eru á biðlista eftir inngöngu í klúbbinn en við teljum ekki óhætt að fjölga félögum að svo stöddu. Stjórn leggur því til að fjölga ekki frekar í klúbbnum. Ef við sjáum fram á að aðgengi að vellinum verði erfiðara er hægt að takmarka enn frekar sölu á flatargjöldum.

Nýliðanámskeið, unglingastarf og golfkennsla

Í sumar var boðið upp á golfleikjanámskeið fyrir krakka. Styrmir Guðmundsson og Júlíus Hallgrímsson höfðu umsjón með námskeiðunum og nutu aðstoðar starfsmanna og félaga í klúbbnum. Á námskeiðunum var farið yfir sveifluna, stutta spilið, púttin og helstu golf- og siðareglur. Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum. Fastar æfingar voru fyrir þá krakka sem eru að æfa hjá klúbbnum.

Guðjón G. Daníelsson, PGA golfkennari, Styrmir Guðmundsson og Júlíus Hallgrímsson sáu um golfkennslu hjá klúbbnum yfir sumarið.



Mót

Klúbburinn hélt nokkur mót á árinu, þ. á m. meistaramót, bikarkeppni, 30 ára afmælistmót, Opna Setbergsmótið og Opna Vera Design kvennamótið. Þá var Bangsamótið haldið í áttunda skiptið en þar leika konur á móti körlum. Konurnar unnu þetta árið og er bangsinn því kominn í bleik föt.



Hér má sjá auglýsinguna fyrir afmælistmótið sem var haldið mánudaginn 23. júní. Mótið, sem heppnaðist virkilega vel, var 9 holu opið mót þar sem keppendum og öðrum sem mættu var boðið upp á vöffur og súkkulaði. Það var virkilega gaman að sjá hve margir fyrrum félagar tóku þátt í mótinu.

Innanfélagsmótin hafa sem fyrr færst að mestu yfir í karla- og kvennagolfið enda býðst félögum að taka þátt í innanfélagsmótum nánast vikulega á þeim vettvangi.



Klúbbmeistari kvenna varð Lovísa Huld Gunnarsdóttir.

Klúbbmeistari karla varð Guðjón Henning Hilmarsson.





Bikarmeistari kvenna varð Helga Ívarsdóttir.

Bikarmeistari karla varð Brynjar Ingólfsson.

Vinavellir

Endurnýjaðir voru vinavallasamningar við Golfklúbb Suðurnesja, Golfklúbbinn Helli, Golfklúbbinn Sandgerði og Golfklúbbinn Leyni á Akranesi.

Stjórn

Stjórn klúbbsins skipuðu Högni Friðþjófsson, formaður, Þórarinn Sófussón, varaformaður, Pétur Einarsson, gjaldkeri, Sigrún Eir Héðinsdóttir, ritari, Fríða Björg Leifsdóttir, Karl Ísleifsson og Elín Reynisdóttir, meðstjórnendur.

Nefndir og fulltrúar

Eftirtaldar nefndir og fulltrúastöður voru svo skipaðar:

- **Upplýsinganefnd:** Elín Reynisdóttir, formaður, Högni Friðþjófsson og Sigríður Samúelsdóttir. Einar Hjaltason og Sigrún Eir Héðinsdóttir sáu um heimasíðuna www.gse.is.
- **Mótanefnd:** Árni Finnsson, formaður, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Fríða Björg Leifsdóttir, Högni Friðþjófsson og Pétur Einarsson.
- **Vallarnefnd:** Haukur Guðmundsson, formaður, Högni Friðþjófsson, Pétur Einarsson, Björn Eysteinnsson, Ágústa Hera Birgisdóttir og Sigurður Ben Guðmundsson.
- **Aganefnd:** Eiríkur Svavarsson formaður, Ingvar Ásmundsson og Helga Ívarsdóttir.
- **Forgjafarnefnd:** Einar Sigurðsson, formaður, Karl-Johan Brune, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Valdimar Axelsson og Pétur Einarsson.
- **Kvennanefnd:** Guðfinna Gísladóttir, Björg Ýr Jóhannsdóttir, Íris Steindórsdóttir, Guðlaug Anna og Valdís María Gunnlaugsdætur
- **Framtíðarnefnd:** Hörður Þorsteinsson, formaður, Ingvar Ásmundsson, Eiríkur Svavarsson, Hrafn Guðlaugsson og Styrmir Guðmundsson.
- **Dómaranefnd:** Karl-Johan Brune, formaður, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Elín Reynisdóttir og Högni Friðþjófsson.
- **Karlastarfið:** Brynjar Ingólfsson, Ómar Örn Aðalsteinsson, Magnús Jón Björgvinsson og Ingólfur Haraldsson.

- Öryggisfulltrúi: Karl-Johan Brune.
- Persónuverndarfulltrúi: Fríða Björg Leifsdóttir.

Hola í höggi

Brynja Þórarinsdóttir (á annarri holu), Benedikt Thorarensen (á fimmtu holu), Daníel Jónasson (á áttundu holu), Siggeir Vilhjálmsson (á áttundu holu), Guðný Fanney Friðriksdóttir (á fimmtu holu), Guðmundur Lúther Loftsson (á annarri holu), Sigurður Ríkharð Árnason (á annarri holu), Ingibjörg Arnardóttir (á fimmtu (14) holu), Árni Kristjánsson (á áttundu holu) og Ragnar Ásgeirsson (á annarri holu) fóru holu í höggi á vellinum samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Einherjaklúbbsins en kylfingar sjá sjálfir um að tilkynna afrekið.

Sveitakeppni GSÍ

Karlasveit klúbbsins spilaði í 2. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbnum Flúðum. Sveitina skipuðu Hrafn Guðlaugsson, Þorsteinn Erik Geirsson, Júlíus Hallgrímsson, Hallgrímur Júlíusson, Ernir Sigmundsson, Hjörtur Brynjarsson, Atli Grétarsson og Guðjón Henning Hilmarsson. Liðsstjóri var Styrmir Guðmundsson.

Sveitin endaði í þriðja sæti og leikur því á ný í 2. deild á næsta ári.

Kvennasveit klúbbsins spilaði í 2. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbnum Leyni á Akranesi. Sveitin gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í annarri deild og leikur því í 1. deild á næsta ári.



Kvennasveitina skipuðu: Melkorka Knútsdóttir, Högna Kristbjörg Knútsdóttir, Margrét K. Olgeirsdóttir Ralston, Lovísa Huld Gunnarsdóttir og María Högnadóttir. Það verður spennandi að sjá hvernig liðinu gengur í fyrstu deild á næsta ári.

Karlasveit klúbbsins í öldungaflokki spilaði í 1. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Suðurnesja. Sveitina skipuðu Tryggvi Traustason, Siggeir Vilhjálmsson, Ólafur Hreinn Jóhannesson, Júlíus Hallgrímsson, Helgi Birkir Þórisson, Styrmir Guðmundsson, Guðbjörn Ólafsson, Frans Páll Sigurðsson og Sigurður Óli Guðnason. Grétar Agnarsson var liðsstjóri. Sveitin endaði í 2. sæti eftir svekkjandi tap í spennandi úrslitaleik við Golfklúbb Reykjavíkur.



Kvennasveit klúbbsins í öldungaflokki spilaði í 2. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Suðurnesja. Sveitina skipuðu Elín Reynisdóttir, Helga Ívarsdóttir, Arnfríður I. Grétars-dóttir, Stefanía Arnardóttir, Kristín Inga Sigvaldadóttir og Ásta Edda Stefánsdóttir. Liðsstjóri var Elín Reynisdóttir. Sveitin endaði í þriðja sæti.



Á myndinni eru karla- og kvennasveitir klúbbsins í öldungaflokki. Allar sveitir klúbbsins sem tóku þátt í sveitakeppnum GSÍ á árinu enduðu á verðlaunapalli.

Starfsmenn klúbbsins

Albert Albertsson, Böðvar Ragnarsson, Pétur Einarsson, Erpur Þórhallsson, Pétur Gunnarsson, Halldór Magnús Guðbjartsson og Friðþjófur Einarsson voru starfsmenn á vellinum ásamt verktökum á ákveðnum álagstímum.

Hrefna Högnadóttir, Lovísa Huld Gunnarsdóttir, María Högnadóttir, Böðvar Ragnarsson og Ólafur Sigurjónsson voru starfsmenn á skrifstofu.

Um rekstur á golfskála sá sem fyrr Sigríður Lilja Samúelsdóttir.

Nýr golfvöllur í Hafnarfirði

Visað er til fyrri samskipta milli starfshópsins og Golfklúbbsins Setbergs annars vegar og Golfklúbbsins Keilis hins vegar, vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á nýjum golfvelli í upplandi Hafnarfjarðar. Fulltrúar starfshópsins hafa átt samskipti við fulltrúa golfklúbba í ferlinu og óskað eftir þeirra sjónarmiðum og athugasemdum. Golfklúbbarnir eru sammála um að sameinast um komandi uppbyggingu til heilla fyrir golfþróttina og samfélagið allt í Hafnarfirði.

Golfklúbbarnir lýsa því hér með yfir vilja til þess að sameinast um verkefnið í samstarfi við starfshópinn. Munu golfklúbbarnir gera með sér samstarfssamning um verkefnið í kjölfar þessa bréfs og koma sér saman um tillögu að verkefnastjóra verkefnisins. Eins og öllum ætti að vera ljóst, er gríðarleg þörf á fleiri golfholum á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega þar sem Golfklúbburinn Setberg mun missa núverandi aðstöðu á næstu árum og ásókn í golfklúbbana er langt umfram það sem núverandi vallasvæði þeirra getur annað.

Golfklúbbarnir skora hér með á Hafnarfjarðarbæ að hefja þegar í stað nauðsynlega vinnu til þess að uppbyggingin geti hafist sem fyrst. Fyrir liggur umfangsmikil og tímafrek



skipulagsvinna og því mikilvægt að hefja ferlið án tafar. Enn fremur er þess farið á leit við Hafnarfjarðarbæ að tekið verði tillit til framkvæmdarinnar í fjárhagsáætlun bæjarins.

Það er vilji golfklúbbanna að farið verði í verkefnið í fullri sátt við samfélagið og önnur íþróttafélög í Hafnarfirði. Samkvæmt forgangsöröðun Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, er röðin komin að golfinu.

Virðingarfyllst,

Hafnarfirði, [•] 2025.

F.h. Golfklúbbsins Setbergs:
Golfklúbbsins Keilis:

F.h.

Þar sem þetta er ekki í samræmi við það sem hefur verið samþykkt á aðalfundum klúbbsins á sl. árum ákvað stjórnin að leggja tillöguna fyrir félagsfund. Þetta getur þýtt breyttar áherslur hvað varðar framtíðarsýn klúbbsins, svo sem hvað varðar umsvif í starfsemi, þar til fyrir liggur hvernig rekstur og starfsemi verður á nýjum velli.

Niðurstaða fundarins var að samþykkja tillöguna með öllum greiddum atkvæðum og fela stjórn að vinna málið áfram með Golfklúbbum Keili.

Golfklúbbarnir sendu í framhaldi svohljóðandi bréf, byggt á framangreindum drögum, til starfshópsins þann 12. júní síðastliðinn:

Starfshópur vegna nýs golfvallarsvæðis í Hafnarfirði.

Visað er til fyrri samskipta milli starfshópsins og Golfklúbbsins Setbergs annars vegar og Golfklúbbsins Keilis hins vegar, vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á nýjum golfvelli í upplandi Hafnarfjarðar.

Fulltrúar starfshópsins hafa átt samskipti við fulltrúa golfklúbbanna í ferlinu og óskað eftir þeirra sjónarmiðum og athugasemdum. Golfklúbbarnir eru sammála um að sameinast um komandi uppbyggingu til heilla fyrir golfíþróttina og samfélagið allt í Hafnarfirði.

Golfklúbbarnir lýsa því hér með yfir vilja til þess að sameinast um verkefnið í samstarfi við starfshópinn. Eins og öllum ætti að vera ljóst, er gríðarleg þörf á fleiri golfholum á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega þar sem Golfklúbburinn Setberg mun missa núverandi aðstöðu á næstu árum og ásókn í golfklúbbana er langt umfram það sem núverandi vallarsvæði þeirra getur annað.

Það er vilji golfklúbbanna að farið verði í verkefnið í fullri sátt við samfélagið og önnur íþróttafélög í Hafnarfirði. Samkvæmt forgangsöröðun Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, er röðin komin að golfinu.

Virðingarfyllst,

Hafnarfirði, 12. júní 2025.

F.h. Golfklúbbsins Setbergs: F.h. Golfklúbbsins Keilis:



Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni, dags. 7. júlí sl., til bæjarráðs Hafnarfjarðar þar sem eftirfarandi tillögur voru gerðar:

Í góðri sátt og í samræmi við fyrirliggjandi yfirlýsingu frá Golfklúbbnum Keili og Golfklúbbnum Setbergi leggur starfshópurinn til fjórar tillögur til bæjarráðs Hafnarfjarðar við áframhaldandi vinnu við uppbyggingu á nýjum golfvelli í landi Hafnarfjarðar:

1) Staðsetning nýs golfvallar og næstu skref.

Starfshópurinn leggur til að svæði undir nýjan golfvöll verði samkvæmt valkosti D og afmarkaður í nýtt aðalskipulag Hafnarfjarðarbæjar.

2) Fyrirkomulag rekstrar á nýjum golfvelli.

Starfshópurinn leggur til að golfíþróttin í Hafnarfirði verði rekin undir einum hatti með bestu nýtingu mannauðs, reynslu og þekkingu. Líta má til sambærilegs reksturs Golfklúbbs Mosfellsbæjar þar sem Hlíðarvöllur og Bakkakot sameinuðust svo og Golfklúbbur Reykjavíkur með tvo velli, Grafarholtið og Korpúlfsstaðavöll, þar sem mannauður og tæki nýtast á báðum stöðum. Starfshópurinn leggur jafnframt til að verkefnið verði áfangaskipt og að kostnaðarskipting verði 80/20. Í samræmi við tillögu nr. 3 muni framkvæmdahópur m.a. fá það verkefni að útfæra ofangreint í góðu samstarfi við bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

3) Framkvæmdahópur um uppbyggingu nýs golfvallar

Starfshópurinn leggur til að framkvæmdahópur verði skipaður um uppbyggingu á nýjum golfvelli í landi Hafnarfjarðar. Lagt er til að framkvæmdahópurinn verði skipaður fimm aðilum, þremur frá Hafnarfjarðarbæ, einum frá Golfklúbbnum Keili og einum frá Golfklúbbi Setbergs.

4) Starfshópurinn leggur til að gert verði ráð fyrir útboði og hönnun verkefnis í fjárhagsáætlun næsta árs.

Sjá má skýrsluna ásamt fylgiskjöllum í fundargerð bæjarráðs Hafnarfjarðar dags. 21. ágúst 2025.

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar þann 18. september sl. lagði bæjarráð til að framkvæmdahópur verði skipaður um uppbyggingu á nýjum golfvelli í landi Hafnarfjarðar. Lagt er til að framkvæmdahópurinn verði skipaður fimm aðilum, þremur frá Hafnarfjarðarbæ, einum frá Golfklúbbnum Keili og einum frá Golfklúbbi Setbergs.

Þann 2. október sl. samþykkti bæjarráð erindisbréf fyrir framkvæmdahópinn en meginverkefni hans eru að fylgja eftir tillögum og forsendum sem fram koma í lokaskýrslu starfshópsins, fylgjast með framgangi verkefnisins og gera reglulega grein fyrir stöðu þess og koma að útfærslu framkvæmda- og fjárhagsáætlunar. Sjá má erindisbréfið í fundargerð bæjarráðs Hafnarfjarðar dags. 2. október 2025.

Við höfum nú móttengið bréf frá formanni framkvæmdahópsins þar sem óskað er eftir því að klúbburinn tilnefni fulltrúa í framkvæmdahópinn og mun stjórn bregðast við því.



Framtíð Setbergsvallar

Staðan á Setbergsvelli er óbreytt. Við vitum ekki hversu lengi klúbburinn fær að vera með starfsemi á vellinum. Við munum áfram leitast við að halda vellinum í sem bestu ásigkomulagi á meðan að við erum með starfsemi á vellinum og ef eitthvað er bæta í. Það er margt sem má bæta og fullt tilefni til þess að ráðast í ýmsar endurbætur núna þegar liggur fyrir að klúbburinn er ekki, a.m.k. að svo stöddu, að fara að byggja upp á nýjum stað í eigin nafni.

Stjórn leggur til að skoðaðir verði möguleikar til þess að koma upp inniaefingaaðstöðu fyrir klúbbinn annað hvort með því að koma upp færarlegri aðstöðu á Setbergsvelli eða með kaupum á fasteign.

Frá kvennanefndinni

Kvennastarfið hófst formlega með vorfagnaði í golfskálanum þann 9. maí 2025 þar sem ný nefnd kynnti mótaskrá sumarsins. Guðfinna Gísladóttir, Björg Ýr Jóhannsdóttir, Íris Steindórsdóttir, Guðlaug Anna og Valdís María Gunnlaugsdætur mönnuðu kvennanefndina 2025 en þær komu allar nýjar inn í stað þeirra sem voru fyrir í nefndinni.

Eins og fyrri ár voru ákveðnir tímar á mánudögum fráteknið fyrir konurnar í Setberginu og alls mættu 152 konur í 17 mót yfir allt sumarið. Þær sem mættu oftast voru að mæta 10-12 sinnum yfir sumarið. Oftast voru spilaðar 9 holur í venjulegu punktamóti en einnig var bryddað uppá mismunandi leikfyrirkomulagi, t.d. Texas Scramble, ekki týna litaða boltanum og hollið með flottasta hattinn svo eitthvað sé nefnt. Verðlaun voru veitt í flestum mótum en konur sem tóku þátt voru duglegar að leggja 1.000 kr. í sjóð til að kaupa verðlaunin.

Hveragerðiskonur buðu okkur í heimsókn um miðjan ágúst en það er orðinn árlegur viðburður að spila með þeim. Næsta sumar munu svo Setbergskonur bjóða Hveragerðiskonum heim. Færri konur komust til Hveragerðis en vildu og hefur kvennanefnd þegar hafið samtal við konurnar í Golfklúbbi Dalbúa um að vera með sambærilegt mót næsta sumar.

Í lok sumars var tekin saman tölfræði og kynnt í lokahófi kvennastarfsins sem var í byrjun september. Brynja Þórarinsdóttir gerði sér lítið fyrir og fór holu í höggi á annarri holu í sumar. Þá lækkaði ein kona um 21 í forgjöf, fór úr 54 í 33. Eftir talningu miða úr fuglakrúkku reyndist Arnfríður Ingibjörg Grétarsdóttir með þá langflestu, hún var líka með flestu þörin í mótunum í sumar. Engin ein kona náði fleiri en einum fugli úr mótunum og var því ekki sérstaklega verðlaunað fyrir það. Lokahófið endaði með skemmtilegum tónlistaratriðum og dansi fram eftir kvöldi.

Nefndin þakkar fyrir gott sumar og er spennt fyrir næsta golfsumri.

Frá karlanefndinni

Það verður teljast frábær árangur að hafa náð að hafa mót alla þriðjudaga frá 6. maí til 30. september að einum þriðjudegi frátöldum, þegar meistaramót klúbbsins stóð yfir.

Það tóku 1.509 kylfingar þátt í mótum sumarsins og 948 tóku þátt í Birdie potti. Rétt um 1.750 kylfingar voru skráðir til leiks í golfbox í þessi 22 mót.

Í ár var prófað nýtt fyrirkomulag með tveggja flokka skiptingu og teljum við að það hafi heppnast mjög vel og komum til með að hafa svipað fyrirkomulag aftur á næsta ári.



Einnig var gerð sú breyting að hvert mót taldi til stigameistara þar sem að eftir 19 mót (lokahóf) var krýndur karlklúbbsmeistari KKS fyrir árið 2025. Það er alveg einstakt á landsvísu (jafnvel heimsvísu) þetta karlastarf hjá okkur í þessum frábæra klúbbi.

Eftir því er tekið um allt land hversu öflugt þetta karlastarf okkar er.

Að lokum

Félagsstarfið í klúbbnum var til fyrirmyndar á árinu og virkilega gaman að sjá hversu margir tóku þátt í karla- og kvennastarfinu. Við höfum svo sannarlega skipt með okkur verkum í klúbbnum og frábært að fylgjast með starfinu hjá þessum hópum. Við þurfum að halda áfram á þessari braut en lykilatriðið í þessu öllu er að það eru allir félagar velkomnir í hópinn.

Takk fyrir samstarfið á árinu.

Högni Friðþjófsson, formaður.



Úrslit 2025. Meistaramót og opin mót.

Meistaramót GSE:

Meistaraflokkur karla

1	Guðjón Henning Hilmarsson	284 högg
2	Þorsteinn Erik Geirsson	292
3	Hrafn Guðlaugsson	296
4	Ernir Sigmundsson	306

Meistaraflokkur kvenna

1	Lovísa Huld Gunnarsdóttir	313 högg
2	Högn Kristbjörg Knútsdóttir	320
3	Margrét K Olgeirsdóttir Ralston	349
4	María Högnadóttir	354

1. flokkur karla

1	Ragnar Böðvarsson	337 högg
2	Andri Freyr Björnsson	339
3	Sigurður Óli Guðnason	342
4	Jón Þór Klemensson	345

1. flokkur kvenna

1	Arnfríður I Grétarsdóttir	358 högg
2	Melkorka Knútsdóttir	366
3	Elín Reynisdóttir	430

2. flokkur karla

1	Sindri Már Sigfússon	332 högg
2	Geir Steindórsson	338
3	Gunnar Björn Guðmundsson	343
4	Þórður Dagsson	343

2. flokkur kvenna

1	Helga Ívarsdóttir	369 högg
2	Stefanía Arnardóttir	373
3	Kristín Inga Sigvaldadóttir	383
4	Heiðrún Harpa Gestsdóttir	384



3. flokkur karla

1	Tjörfi Karlsson	368 högg
2	Hákon Pétursson	374
3	Gunnar Örn Einarsson	375
4	Ingólfur Már Ingólfsson	375

3. flokkur kvenna

1	Karen Gunnarsdóttir	428 högg
2	Ólöf Margrét H. Matthíasdóttir	432
3	Anna Hedvig Þorsteinsdóttir	440

4. flokkur karla

1	Unnar Daði Helgason	156 punktar
2	Ásmundur Pétursson	152
3	Þórður Áspórssen	152
4	Einar Skaftason	146

4. flokkur kvenna

1	Valdís María Gunnlaugsdóttir	144 punktar
2	Hulda Sigríður Salómonsóttir	138
3	Anna Bára Teitsdóttir	133
4	Margrét Ósk Guðjónsdóttir Sivertsen	127

5. flokkur karla

1	Ívar Prastarson	109 punktar
2	Stefán Jóhann Arngrímsson	106
3	Smári Nikulás Guðmundsson	105
4	Valdimar Axelsson	104

5. flokkur kvenna

1	Björk Leifsdóttir	115 punktar
2	Gyða Björg Olgeirsdóttir	103
3	Dagbjört Erla Kjartansdóttir	102
4	Elfa Sif Jónsdóttir	97



Öldungaflokkur karla

1	Porkell Svarfdal Hilmarsson	106 punktar
2	Guðni Bergur Einarsson	103
3	Guðvarður Þórarinn Jakobsson	102
4	Guðni Guðfinnsson	100

Öldungaflokkur karla - 70 ára og eldri

1	Jakob Skafti Magnússon	101 punktar
2	Páll Björgvinsson	99
3	Hinrik Axelsson	96
4	Björn Stefán Eysteinnsson	93

Öldungaflokkur kvenna

1	Helga Birkisdóttir	114 punktar
2	Sigríður Jóhannesdóttir	101
3	Guðrún Harðardóttir	92
4	Sigþóra Oddný Sigþórsdóttir	88

Afmælistótt - Opið 9 holu mótt

Punktakeppni

1	Gunnar Óli Gústafsson	23 punktar
2	Páll Björgvinsson	22
3	Hjörtur Viðar Sigurðarson	22
4	Arnfríður I. Grétarsdóttir	22

Höggleikur - karlar

1	Guðjón Frans Halldórsson	31 högg
2	Siggeir Vilhjálmsson	34
3	Hrafn Guðlaugsson	34
4	Gísli Sveinbergsson	35

Höggleikur - konur

1	Arnfríður I. Grétarsdóttir	40 högg
2	María Högnadóttir	42
3	Margrét K Olgeirsdóttir Ralston	44
4	Lovísa Huld Gunnarsdóttir	45



Opna Setbergsmótið

Punktakeppni

1	Húbert Ágústsson	40 punktar
2	Guðmundur Stefán Jónsson	39
3	Andrés Þórarinsson	38
4	Stefanía Arnardóttir	38

Höggleikur

1	Guðjón Henning Hilmarsson	70 högg
2	Ólafur Hreinn Jóhannesson	71
3	Hrafn Guðlaugsson	71
4	Þorsteinn Erik Geirsson	72

Opna Vera Design mótið

Punktakeppni - A flokkur

1	María Högnadóttir	43 punktar
2	Helga Ívarsdóttir	42
3	Þórdís Geirsdóttir	38
4	Ragnheiður H Ragnarsdóttir	38

Punktakeppni - B flokkur

1	Hólmfríður Karlsdóttir	39 punktar
2	Astrid Sörensen	38
3	Heiðrún Harpa Gestsdóttir	38
4	Rósa Ragnarsdóttir	38

Höggleikur

1	Þórdís Geirsdóttir	70 högg
2	María Högnadóttir	73
3	Lovísa Huld Gunnarsdóttir	75
4	Jóna Sigríður Halldórsdóttir	80



Golfklúbburinn Setberg

Rekstrarreikningur ársins 2025

	2025	2024
Rekstrartekjur:		
Félagsgjöld	75.615.667	63.286.109
Tekjur af sölu vallargjalda	10.671.584	10.969.190
Tekjur af æfingasvæði	2.210.500	1.052.500
Styrkir og framlög	3.198.695	2.600.000
Tekjur af mótum	2.371.500	1.468.000
Golfbílaleiga	361.500	416.000
Framlag ÍSÍ vegna Lotto	1.613.795	996.184
Framlag ÍSÍ vegna Getrauna	47.542	16.438
Gjöf frá ÍBH 30 ára afmæli	400.000	0
Vaxtatekjur	14.077.843	5.754.249
Unglinganámskeið	360.000	705.000
Vörusala	2.495.500	550.000
Rekstrartekjur samtals	113.424.126	87.813.670

Rekstrargjöld:		
Aðkeypt þjónusta	300.000	0
Félagaskattur GSÍ	6.268.125	5.446.400
Sveitakeppni karla og kvenna	1.537.985	1.200.570
Verðlaun í mót - umsjón	1.040.290	190.000
Kostnaður v/stjórnar nefnda	92.761	47.605
Innheimtukostnaður	238.367	220.521
Leiga á landi	7.858.350	7.480.958
Leiga á geymsluhúsnaði	4.600.000	3.600.000
Leiga á vélum / landi	750.000	750.000
Laun og launatengd gjöld	27.062.947	24.780.608
Viðhald og rekstur vallar	4.031.608	2.498.018
Viðhald og rekstur véla	3.896.875	3.575.097
Rekstur skála	7.192.708	6.405.435
Vörur	4.199.316	760.674
Þrjátíu ára afmæli	0	236.530
Ræsing og umsjón	2.099.990	1.734.000
Afskriftir	5.506.427	4.531.348
Unglingastarf	1.989.272	1.653.553
Boltar og mottur	1.019.993	55.470
Leiga á golfbílum	1.024.320	1.621.840
Uppsetning róbota	234.156	207.578
Ýmis kostnaður	481.789	224.189
Rekstrargjöld samtals	81.425.279	67.220.394

Hagnaður ársins	31.998.847	20.593.276
------------------------	-------------------	-------------------

Golfklúbburinn Setberg

Efnahagsreikningur ársins 2025

Eignir	2025	2024
Fastafjármunir:		
Sláttuvélar 2011	0	55.000
Golfbíll	0	22.500
Sláttuvélar 2012	0	75.000
Æfingasvæði / malbikun	0	200.000
Ræsishús 2014	0	50.000
Brautarsláttuvél 2014	450.000	450.000
Boltavél	51.200	51.200
Gámur 2015	101.680	101.680
Gámar, vélar og tæki	418.500	697.500
Röfsláttuvél 2019	3.087.174	3.969.223
Sturtuvagn 2019	144.900	193.200
WC - hús 2019	105.000	140.000
Flatarsláttuvél 2020	1.623.535	1.948.241
Vinnu golfbíll 2020	837.000	1.004.400
Sandari 2020	550.594	660.713
Stækkun golfskáli 2020	2.400.000	2.800.000
Ræsishús 2020	750.000	900.000
Vélageymsla 2020	750.000	900.000
Teigavél	180.000	210.000
Flatarsláttuvél	300.000	350.000
Dráttarvél m/ámoksturstækjum	1.335.294	1.602.353
Teigavél 2021	1.935.722	2.322.866
Róbotar 2023	6.304.230	7.092.258
Spreyari 2023	1.593.371	1.682.471
Róbot 2025	801.900	0
Teigsláttuvél	1.624.588	0
Vinnugolfbíll	3.015.000	0
Vörur	2.150.000	0
Fastafjármunir samtals	30.509.686	27.478.605

Veltufjármunir:

Banka innistæður Íslandsbanki	80.305.971	50.828.480
Banka innistæður Landsbankinn	428.707	938.832

Veltufjármunir samtals:	80.734.678	51.767.312
Eignir alls	111.244.364	79.245.917

Skuldir og Eigið fé**Eigið fé**

Eigið fé flutt frá fyrra ári	79.245.517	58.652.641
Hagnaður	31.998.847	20.593.276

Eigið fé samtals	111.244.364	79.245.917
-------------------------	--------------------	-------------------

Skuldir

Skuldir samtals	0	0
Skuldir og eigið fé alls	111.244.364	79.245.917

Setbergi 30. nóvember 2025

Pétur Einarsson gjaldkeri

Höfum yfirfarið efnahags- og rekstrareikning þennan og er hann í samræmi við bækur félagsins. Það er álit okkar að ársreikningur þessi gefi góða mynd af fjárhag félagsins.

Örn Andrésson

Einar Sigurðsson

Golfklúbburinn Setberg

Rekstraráætlun 2026

2026

Rekstrartekjur:

Félagsgjöld innheimt	77.000.000
Tekjur af sölu vallargjalda	10.000.000
Tekjur af æfingasvæði	2.000.000
Styrkir og framlög	3.000.000
Tekjur af mótum	2.000.000
Golfbílaleiga	500.000
Framlag ÍSÍ vegna Lotto	1.500.000
Framlag ÍSÍ vegna Getrauna	50.000
Vaxtatekjur	17.000.000
Unglinganámskeið	400.000
Vörusala	2.000.000

Rekstrartekjur samtals

115.450.000

Rekstrargjöld:

Félagaskattur GSÍ	6.500.000
Sveitakeppni karla og kvenna	1.500.000
Verðlaun í mót - umsjón	1.000.000
Kostnaður v/stjórnar nefnda	250.000
Innheimtukostnaður	250.000
Leiga á landi	8.000.000
Leiga á geymsluhúsnæði	5.000.000
Leiga á vélum / landi	750.000
Laun og launatengd gjöld	36.000.000
Viðhald og rekstur vallar	4.000.000
Viðhald og rekstur véla	4.000.000
Rekstur skála	5.000.000
Vörur	2.500.000
Ræsing og umsjón	2.500.000
Afskriftir	6.000.000
Unglingastarf	2.000.000
Boltar og mottur	1.000.000
Leiga á golfbílum	1.000.000
Uppsetning róbota	500.000
Ýmis kostnaður	500.000

Rekstrargjöld samtals

88.250.000

Hagnaður ársins

27.200.000

Fjárfestingaráætlun 2026

Vélar og tæki	7.500.000
Æfingaaðstaða	32.500.000
Stígar æfingasvæði og fleira	5.000.000
Samtals	45.000.000

Undirritunarsíða

Högni Friðbjósson



Undirritað af:
Högni Friðbjósson
0704723689
Dags: 09.12.2025
Tími: 17:37:33
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 139fedc1-2845-4c7c-b34a-f2f0dae628e7

Þórarinn Karl Sófusson



Undirritað af:
Þórarinn Karl Sófusson
0410384389
Dags: 09.12.2025
Tími: 18:03:11
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 139fedc1-2845-4c7c-b34a-f2f0dae628e7

Karl Ísleifsson



Undirritað af:
Karl Ísleifsson
1604623539
Dags: 09.12.2025
Tími: 18:38:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 139fedc1-2845-4c7c-b34a-f2f0dae628e7

Sigrún Eir Héðinsdóttir



Undirritað af:
Sigrún Eir Héðinsdóttir
0610673889
Dags: 09.12.2025
Tími: 17:57:47
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 139fedc1-2845-4c7c-b34a-f2f0dae628e7

Elín Reynisdóttir



Undirritað af:
Elín Reynisdóttir
0903584729
Dags: 09.12.2025
Tími: 17:30:11
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 139fedc1-2845-4c7c-b34a-f2f0dae628e7

Fríða Björg Leifsdóttir



Undirritað af:
Fríða Björg Leifsdóttir
0511774609
Dags: 09.12.2025
Tími: 17:35:38
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 139fedc1-2845-4c7c-b34a-f2f0dae628e7

Einar Sigurðsson



Undirritað af:
Einar Sigurðsson
3112715719
Dags: 09.12.2025
Tími: 17:41:38
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 139fedc1-2845-4c7c-b34a-f2f0dae628e7

Örn Andrésson



Undirritað af:
Örn Andrésson
1908513039
Dags: 09.12.2025
Tími: 17:51:29
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 139fedc1-2845-4c7c-b34a-f2f0dae628e7

Pétur Einarsson



Undirritað af:
Pétur Einarsson
2106564809
Dags: 09.12.2025
Tími: 17:28:57
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 139fedc1-2845-4c7c-b34a-f2f0dae628e7